



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning vegna
ljósleiðara á milli Freysness og
Fagurhólsmýri*

Atli Rúnarsson

September 2025

NV nr. 23-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: September 2025
Skýrsla nr: NV nr. 23-25	Verknúmer: 703	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á milli Freysness og Fagurhólsmýri		Unnið fyrir: Míla
Höfundur: Atli Rúnarsson		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
ÚTDRÁTTUR Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara á 19km löngu svæði á milli Freysness og Fagurhólsmýri í Austur-Skaftafellssýslu. Alls voru fimm minjar skráðar innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Þar af voru fjögur beitarhús og eitt útihús.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirlarið af: KSR

EFNISYFIRLIT


1.	Inngangur	4
2.	Skráningarsvæðið	4
3.	Aðferðafræði	4
3.1	Tilgangur fornleifaskráningar	4
3.2	Skráning fornleifa	5
4.	Sögulegt yfirlit	6
4.1	Saga Skaftafells	6
4.2	Saga Svínafells	6
4.3	Saga Sandfells	7
4.4	Saga Hofs	9
4.5	Saga Hofsnes	10
4.6	Saga Fagurhólsmýri	11
5.	Heimildaskrá	12
6.	Fornleifaskrá	13
7.	Niðurstöður	18
8.	Kort	19

1. INNGANGUR

Að beiðni Gunnars Magnúsar Jónssonar hjá Mílu gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna lagningu ljósleiðara á milli Freysness og Fagurhólsmýri.

Áform eru um að leggja ljósleiðara á um 19km löngum kafla á milli Freysness og Fagurhólsmýri og mun strengurinn liggja um jarðir Skaftafells, Svínafells, Sandfells, Hofs, Hofsness og Fagurhólsmýri.

Svæðið var gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram dagana 28. og 29. júlí 2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.




Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðanna er merkt með gulri stjörnu.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið liggur yfir sex jarðir og var skráð 15m frá miðlínu strenglagningarinnar, þ.e. skráningarsvæðið var 30m breitt.

Strenglagningin var að mestu meðfram þjóðvegi 1 fyrir utan um 5km kafla sem fer niður á sandinn á milli Virkisár og Kotár í landi Sandfells.

Örsmár hluti svæðisins hafði verið skráður áður vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Malarási.¹



Mynd 2. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu á milli Freysness og Fagurhólsmýri. Skráningarsvæðið er innan gulu línunnar

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

¹ Sjá: Vala Garðarsdóttir, Sigríður G. Björgvinsdóttir, 2017

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3473 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3473-001.

4. SÖGULEGT YFIRLIT

4.1 Saga Skaftafells

Minnst er á Skaftafell í Brennu-Njáls Sögu: „Flosi mælti til Höskulds: „Það segir Hildigunnur mér að fáleikar séu miklir með yður Njálssonum og þykir mér það illa. Og vil eg bjóða þér að þú ríðir eigi vestur og mun eg fá þér bústað í Skaftafelli en eg mun senda Þorgeir bróður minn að búa í Ossabæ.“²

Hálf jörðin var í eigu kirkjunnar á Hofi í Héraði árið 1343³ og árið 1482 voru eignir kirkjunnar á Eyrarhorni lagðar til Hofskirkju.⁴ Á sama ári var hálf Skaftafell selt undan kirkjunni og fékk hún í staðinn hálfa jörðina Svínafell.⁵ Árið 1483 seldi Magnús biskup Eyjólfsson Kirkjubæjarklaustri jarðirnar Skaftafell og Haukafell í Hornafirði í makaskiptum fyrir jarðirnar Eyjar og Þverhamar í Breiðdal og Guðmundarnes í Stöðvarfirði.⁶ Skaftafell varð svo, eins og aðrar klausturjarðir, síðar í eigu konungs eftir siðaskiptin.⁷

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Múla- og Skaftafellssýslur brann í brunanum í Kaupmannahöfn 1728. Þó er minnst á Skaftafell í fylgiskjöllum jarðabókanna: „Skaftafell. Kóngrsjörð. Landsk. eftir jarðabók 1697. 1 1/2^c. Jarðardýrleiki xij^c. Landsk. meinast verið hafa að fornu eitt hundrað, en nú síðan jarðirnar Freysnes og Jökulfell hafa þangað lagðar verið, hefur landskuld verið ij^c. Kúg. iij. Kvaðir öngvar. Upprekstur á jörðin í Freysneslandi, þar sem heitir Hafrafell. Er nú óbrúkandi, því allt er komið í jökul. Beit á 14 hrossum á Möðrudalsöræfum er jörðunni eignuð um sumartíma, krossmessna á milli. Verður aldrei brúkað fyrir jöklum. Rekaffjöru á jörðin fyrir Skeiðarársandi, fern átján hundruð, og Freysnesfjöru xij^c.“⁸

Árið 1769 voru engin kúgildi talin að Skaftafelli en þar var sagt frá miklu rekaplássi sem heyrði undir Skaftafell. Einnig var sagt að hér væri skógur mestur og bestur á öllu suðurlandi, uppi á fjalli og í fjallshlíðinni.⁹

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Skaftafell væri í bændaeign, dýrleikinn var 12, landskuldin 1,0, kúgildin 3 og ábúendur voru 2 að 2/3 jarðarinnar og 1 leigjandi.¹⁰

4.2 Saga Svínafells

Minnst er á Svínafell í Brennu-Njáls sögu: „Maður er nefndur Flosi. Hann var sonur Þórðar Freysgoða [...]. Flosi bjó að Svínafelli og var höfðingi mikill. Hann var mikill vexti og styrkur, manna kappamastur.“¹¹

Í Oddverja þætti var greint frá því að Þorlákur Þórhallsson biskup hafi vígt kirkju í Svínafelli 1179 og var hún þá orðin staður.¹² Eins var sagt frá kirkju að Svínafelli í kirknaskrá Páls biskups

² Brennu-Njáls Saga, bls. 130

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 774

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1990, bls. 436

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 37

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 482-483

⁷ Björn Lárusson, 1967, bls. 333 & 335

⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1990, bls. 436-437

⁹ J. Johnsen, 1847, bls. 6

¹⁰ J. Johnsen, 1847, bls. 6

¹¹ Brennu-Njáls Saga, bls. 114

¹² Magnús Stefánsson, 2000, bls. 64-65

Jónssonar frá því um 1200.¹³ Kirkjuna er þó ekki að finna í máldaga frá 1343 en þar var sagt að kirkjan að Hofi hafi átt hálf Svínafell.¹⁴ Kirkjan að Hofi eignaðist hinn helminginn af Svínafelli árið 1482 í makaskiptum fyrir hálf Skaftafell.¹⁵ Svínafell komst svo síðar í einkaeigu og í bréfi frá 1546 var sagt frá því að Þorleifur Pálsson, lögmaður, hafi selt Birni Þorleifssyni Svínafell ásamt fleiri jörðum.¹⁶

Í jarðabók frá 1686 var Svínafell talið 23 hundruð og 80 álnir en var komið niður í 12 hundruð árið 1679.¹⁷

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Múla- og Skaftafellssýslur brann í brunanum í Kaupmannahöfn 1728. Þó er minnst á Svínafell í fylgiskjöllum jarðabókanna: „*Svínafell. Bóndaeign. Jarðardýrleiki viij^c. Landsk. 1^c 20 ál. Kúg. iij.*

Afréttur er jörðunni eignaður í Eystrafljalli fyrir sunnan Skeiðarársand, óbrúkandi vegna vegalengdar.

Skógarítak til brenniviðar er jörðunni eignað í Skaftafellsskógi.“¹⁸

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Svínafell væri í bændaeign, dýrleikinn var 8, landskuldin 1, kúgildin 2 og ábúendur voru 3 eigendur.¹⁹

4.3 Saga Sandfells

Landnámskonan Þorgerður, kona Ásbjarnar Heyangrs-Bjarnar, fór til Íslands og nam land um allt Ingólfshöfðahverfi á milli Kvíár og Jökulsár. „*Ásbjörn hét maðr, sonr Heyangrs-Bjarnar, hersis ór Sogni; hann var sonur Helga Helgasonar, Bjarnar sonar bunu. Ásbjörn fór til Íslands ok dó í hafi, enn Þorgerðr, kona hans, ok synir þeira kómu út. En þat var mælt, at kona skyldi eigi víðara nema land en leiða mætti kvígu tvævetra várlangan dag sólsetra á millim, hálfstalit naut ok haft vel. Því leiddi Þorgerðr kvígu sína undan Tóptafelli skammt frá Kvía suðr ok í Kiðjaleit hjá Jökulsfelli fyrir vestan. Þorgerðr nam því land um allt Ingólfshöfðahverfi á milli Kvíár ok Jökulsár, ok bjó hon at Sandfelli ok Guðlaugr, sonr þeira Ásbjarnar, eptir hana; frá honum eru Sandfellingar komnir; annarr sonr þeira var Þorgils, er Hnappfellingar eru frá komnir; þriði var Özurr, faðir Þórðar Freysgoða, er mart manna er frá komit.*“²⁰

Minnst var á Sandfell í máldaga Rauðalækjarkirkju frá 1179 en þar var sagt að Rauðalækjarkirkja ætti flóru á milli Kvíár og Hamra enda hálfa við Sandfellinga.²¹ Eins var minnst á Sandfell og Sandfellinga í máldaga Maríukirkju á Rauðalæk frá 1343 en þar var sagt að kirkjan ætti tvo hluta alls reka við Sandfellinga og að auki ættung í matreka.²²

Sandfell kom fram í kirknaskrá Skálholtsbiskupsdæmi frá 1200.²³

¹³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 5

¹⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 774

¹⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 443

¹⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 482-483

¹⁷ Björn Lárusson, 1967, bls. 333

¹⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1990, bls. 436

¹⁹ J. Johnsen, 1847, bls. 6

²⁰ Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 191

²¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1. bindi, 1947-1950, bls. 248-249

²² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 775-777

²³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 6

Árið 1387 var minnst á Sandfellsmenn í Öräfum í máldaga Klemenskirkju á Hofi en þar var sagt: „Clemens kirkia ad Hofi j Hieradi ä heimaland hälft med öllum gögnum og giædum inn ad Kotä sem fellur fyrer innan Kuabacka og sionhending upp j það gliufur vid nedanverdt fiallid. sem su sama ä fellur ur. og upp j midt Rotafjall ä mots vid Sandfellsmenn.“²⁴

Næst var minnst á Sandfells kirkju sókn í bréfi frá 1483 er Magnús, biskup í Skálholti, galt klaustrinu í Kirkjubæ jarðirnar Skaftafell í Öräfum og Haukafell í Hornafirði.²⁵

Gerður var máldagi Sandfellskirkju fyrir árin 1491-1518. Þar stóð:

„Kirkia i Sandfelli j Litla hieradi er helgud gude. jungfru mariu. Sancte Andrese og hinne helgu Aunnu. Hun ä heimaland alltt med gognum og giædum. In primis syngianda kommon med lese. og brestur ä nockud. Item matutinale de tempore fra festo sanctæ trinitatis til adventum og er þo nockurn partt ecke epter ordine. Item matutinale festiuale fra festo Sancte Johanniz Baptistæ ad Adventum domini. Item Canonis kver. Item Sancte Onnu kver syngiande med messu. Item missale pascale. syngiande samsett De tempore. De viglia paschæ ad adventum Dominj. Item missale syngiande samsett efstu vikuna. og Graduale j kuerum syngianda. olystur. obundinn. Item jnnstæda kirckiunnar. j Sandfelle. v kyr. xij ær. eitt hross. Item protio vj aurar vppä eitt är medan sëra Jon Jllugason hefur halldid. Item ä kirckian eina Brun.“²⁶

Eins var minnst á Sandfellsmenn í Öräfum í bréfi frá 1504 þar sem Ásgautur Ögmundsson seldi Narfa prior í Skriðu tuttugu hundruð í jörðinni Borgarhöfn í Hornafirði og átján hundruð fjöru, er lá í Öräfum milli Kvíar og Hamraenda, hálfa við Sandfellinga.²⁷

Næst var minnst á Sandfell í máldaga Hofskirkju í Vopnafirði frá 1523, sem Ögmundur biskup setti í fyrstu yfirreið sinni um Austfirði. Þar var sagt að kirkjan að Sandfelli ætti v. kýr, xvij ær, ij hross og annað tvívetra, tvívetra griðung og vj. aura í portiu.²⁸ Sandfell kom einnig fram í bréfabók Gizurar frá 1539²⁹ og í bréfi frá Gizuri frá 1541. Þar stóð: „at vtuega brefid af petri fyrir sydslunni og uita huar hann vill lata mann vtroa. lofadi hann pali briefid. enn madurinn skylldi roa a Bessastaudum.

Bygt Jone Eirekssyne sandfell vm næstu iij ær. lofad þeim brædrum Sæmundi og arna ad hoggva skalholltsstadar skog.“³⁰

Árið 1544 gaf Gizur biskup séra Jóni Eiríkssyni Sandfell í Öräfum með: „ollum þeim gognum og gædum sem þar til liggur og legit hefur ath fornu og nyiu preter portionem Ecclesiæ. Og ath frateknum ollum storrekum uida og huala.“³¹

Minnst var á Sandfell í Gíslamáldaga frá því um 1570³² og þar var sagt að kirkjan að Sandafelli ætti: „heimaland allt. Langanes og Backa. med øllum giædum. Eyiar allar þær er Holum hafa fylgt. iij. hluti i Ingolfshøfda. en Eyiarhorn ij hluti. Kirkian ä fuglberg allt i høfdanum. Hun ä eingeteig i Giengisholmum. annar er Lägey. fyrer austan gøtu. fiorda Kellingarey austan til motz vid Nesmenn og Steinhyltunga. fimte Krossholmur. sjötte Kolluhalsey og aller Starkadarholmar.

²⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 400-401

²⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 482-483

²⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 37-38

²⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 714-715

²⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 188

²⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 10. bindi, 1947-1950, bls. 432

³⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 10. bindi, 1947-1950, bls. 656

³¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 364

³² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 55)

Kirkian ä skoga alla. sem eru vt frä Saudabolsskogie til Mødruhola og allar tungur yfir Saudabolsskogie til þeirrar er Skamsstødum fylger. enn skogarteigur er jnn ä Dals ä Hestvelle frä skridu hinni miklu. Fiöru ä hun milli Quijär og Hamraenda. adra ä hun enn fyrer sunnan Quijä til Einangra. hina þridiu fiöru ä hun fyrer Eyrarhorni. xv. uxa høfn gamalla i Holaland. xL geldinga høfn annars hundrads i fiallsland. Jtem er þetta Raudalækiar mäldagi ad gømlu. sem fyrer laungu er affallen. en Sandfell i staden komed. Jtem ä Sandfells kirkia i frijdu .v. kyr og iij äsaudar kugilldi. Jtem tvævætt naut. iij sauder gamler og .vj. veturgamler. Jtem .ij. hestamædur og fole tvævetur. Jtem eitt kerald. Jtem innan kirkiu ein messuklædi alfær. kaleikur med silfur er bräkadur. altarisbuningur. ij litlar kluckur. Jtem .x. bækur med eirni päskabok.³³

Úr máldaganum má lesa að Sandfellskirkja hefur komið í stað Rauðalækjarkirkju og mun það hafa gerst eftir eldgosið í Örfajökli, sem lagði héraðið í eyði, árið 1362.³⁴

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Múla- og Skaftafellssýslur brann í brunanum í Kaupmannahöfn 1728.

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson voru á ferð um svæðið á árunum 1752-1757 og sögðu að ævaforð hús væru á þremur stöðum, þar á meðal í Sandfelli, og sagt var að þau væru frá 11. öld. Þeir töldu þó að þessi hús væru yngri, þrátt fyrir að þau væru stærri og víðir þeirra úr hinu gamla rauðgreni, og að þau hafi verið endurbyggð og sennilega oftar en einu sinni.³⁵

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Sandfell væri beneficium, dýrleikinn var 12, landskuldin 0,60, kúgildin 1 og ábúandinn var prestur.³⁶

4.4 Saga Hofs

Að Hofi var kirkja dýrlingsins Klemens, hún átti heimaland hálf, og í máldaga kirkjunnar frá 1343 sagði:

„hofsmenn eigu oll orknadrap j lambeyaros oc til þess er graus ber næst j sulufell. fylgja oll somum gæidi einn veg eignarhluta sem kirkiuhluta af hofi. hofsmenn eigu helming allra þeirra fiarna sem liggja til jökulfells.“³⁷

Í máldaga kirkjunnar frá 1387 var landamerkjum Hofs gert skil og greint var frá hlunnindum jarðarinnar:

„Clemens kirkia ad Hofi j Hieradi ä heimaland hälft med öllum gögnum og giædum inn ad Kotä sem fellur fyrer innan Kuabacka og sionhending upp j það gliufur vid nedanverdt fiallid. sem su sama ä fellur ur. og upp j midt Rotafiall ä mots vid sandfellsmenn. Hof ä land austur ad gliufri því. sem gliufursä fellur ur og j Hamraenda og sidan oslitid land ut ad Jngolfshöfda. Jtem Jngolfshöfda allan ad fräteknium tveim hlutum fuglbergs sem eignadar eru annar kirkiunni ad Eyrarhorni. þridie kirkiunne ad Raudalæk. Hof ä reka allann fra sallthöfda fiöru. og ut ad Jngolfshöfda. Jtem ørknadrap öll j [mille] Lambeya og til þess gras ber næst j sulufell. xv hrossa beit ä Kviärmyri um sumar firir utan löghelgar. fra Krossholsti liggur kyrfodur til Hofs. og abyrgist ad öllu. Jtem elldividartak og kolagiörd j Skaptafellsheidi. Fylgia þessi öll saman giædi einn veg

³³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 701-702

³⁴ Óbyggðanefnd, 2003, bls. 50

³⁵ Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, 1981, bls. 131

³⁶ J. Johnsen, 1847, bls. 6

³⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 774

*kirkjuhluta sem eignarhluta að Hofi. Þessar ä kirkian jarder. Fiall med ixc . fiöru. halft Skaptafell. Suinanes halft. og helming allra þeirra fiarna sem liggia til Jokulfells.*³⁸

Árið 1482 voru eignir kirkjunnar að Eyrarhorni lagðar til Hofskirkju. Kaupahluti Hofs komst svo í eigu Skálholtsbiskupa á 15. öld og árið 1525 seldi Ögmundur biskup Pálsson Ásgrími Ásgrímssyni þennan hluta jarðarinnar fyrir hlut í Stórahvoli og Miðhúsum ásamt því að kenna syni Ásgríms til prests.³⁹

Hof var meið á 46 hundruð og 160 álnir árið 1686 en 14 hundruð árið 1697.⁴⁰

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Múla- og Skaftafellssýslur brann í brunanum í Kaupmannahöfn 1728. Þó er minnst á Hof í fylgiskjöllum jarðabókanna: „*Hof. Bóndeign 3 partar. 4 partur kóngseign. Kirkjustaður, annexía, xiv^c jarðardýrleiki. Hér á kirkjan hálf heimaland (önnur xiv^c). Skógarítak til eldingar og kolagjörðar á jörðin í Skaftafellsheiði. Jörðunni er eignað Fjall og Fjallsfit í Breiðármerkurlandi. Rekafjöru á jörðin fyrir Breiðármerkurlandi, kölluð Fjallsfjara, níu hundruð. Rekafjöru á jörðin einnig fyrir sínu, Hofsnes- og Hnappavallalöndum. Item Tangafjöru fyrir Sandfellslandi.*

Ingólfshöfði, sem liggur fyrir jarðarinnar landi, er allur jörðunni eignaður eftir gömlum máldögum, fráteknunum tveim hlutum Fuglbergs, sem eignaðir eru annar kirkjunni að Rauðalæk, þriðji kirkjunni að Eyrarhorni, eftir bréfsins hljóðan. Síðan hefur Eyrarhornseign lögð verið til Hofs, en Rauðalækjar til Sandfells, og hafa hvöru tveggju, bæið Hofs- og Sandfellsmenn, brúkað Fuglbergið, þó ágreiningur hafi um verið.

*Rekafjarða er vestan undir höfðanum, sögð níu hundruð faðmar að lengd, kölluð Kóngsvík. Þessi fjarða hefur fylgt Skaftafellssýslu, síðan fyrst menn vita.*⁴¹

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Hof væri 3 ½ í eigu Hofskirkju, 1/8 í eigu Sandfellskirkju og 3/8 í bændaeygn. Dýrleikinn var 21 og ábúendur voru 1 eigandi að 1 1/6h. og 7 leigjendur.⁴²

4.5 Saga Hofsnes

Ekki er víst hvenær byggð hófst á Hofsnesi en óljósar heimildir benda til um að þar hafi verið búið um miðja 14. öld.⁴³ Elsta áreiðanlega heimildin er þó frá 1686 en þar var sagt að Hofsnes væri 20 hundruð að dýrleika en 6 hundruð árið 1697.⁴⁴ Jörðin var innan landamerkjja Hofs en var þó tíunduð eins og um fullgilt lögbýli væri að ræði en ekki hjáleigu.⁴⁵

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Múla- og Skaftafellssýslur brann í brunanum í Kaupmannahöfn 1728. Þó var minnst á jörðina í fylgiskjöllum jarðabókanna: „*Hofsnes. Bóndaeign. Jarðardýrleiki vj^c. Eigendur eru erfingjar Vigfúsar sál. Jónssonar á Bót í Héraði að iiij^c, Sigurður Ketilsson á ij^c. Rekafjörupart á jörðin lítinn fyrir Hnappavallalandið.*⁴⁶

³⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 401

³⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 274-275

⁴⁰ Björn Lárusson, 1967, bls. 333

⁴¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1990, bls. 435-436

⁴² J. Johnsen, 1847, bls. 5

⁴³ Kristján Benediktsson, Stefán Jónsson, Þorsteinn Guðmundsson, Gísli Björnsson, Sigurður Björnsson & Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 66

⁴⁴ Björn Lárusson, 1967, bls. 333

⁴⁵ Óbyggðanefnd, 2003, bls. 57

⁴⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1990, bls. 435

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Hofsnæs væri í bændaeign, dýrleikinn væri 6 og landskuldin 1,0. Ekki var greint frá kúgildum en ábúendur voru 2 leigjendur.

4.6 Saga Fagurhólsmýri

Fagurhólsmýri var upphaflega hjáleiga, byggð úr heimalandi Hnappavalla, skv. jarðabók frá 1709. Dýrleikinn var sagður óviss en landskuldin var 80 álnir.⁴⁷

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Múla- og Skaftafellssýslur brann í brunanum í Kaupmannahöfn 1728. Þó var minnst á Fagurhólsmýri í fylgiskjölum jarðabókanna: „*Fagurhólsmýri. Hjáleiga, byggð úr Hnappavalla heimalandi. Dýrleiki er óviss. Landsk. lxxx ál. Kvaðir eru hestlán í Djúpavog annað hvört ár. Skógur í Hnappavallaítaki í Skaftafellsskógi.*“⁴⁸

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var Fagurhólsmýri enn skráð sem hjáleiga og enginn dýrleiki, landsskuld, eða kúgildi skráð á jörðinni, ábúendur voru 1 eigandi.⁴⁹ Árið 1861 var Fagurhólsmýri skráð sem sérstök jörð, 3 ¼ hundrað að gömlu mati en 8,9 hundruð samkvæmt nýju jarðamati.⁵⁰

⁴⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1990, bls. 435

⁴⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1990, bls. 435


⁴⁹ J. Johnsen, 1847, bls. 5


⁵⁰ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 5

5. HEIMILDASKRÁ


- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1990). *Jarðabók Árna Magnússonar & Páls Vídalíns. Fylgiskjöl* (B. 13). Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.
- Björn Lárusson. (1967). *The old icelandic land registers*. Lund: Gleerup.
- Brennu-Njáls Saga. (án dags.). *Sagadb.org*. Sótt 28. Ágúst 2025 frá https://sagadb.org/files/pdf/brennu-njals_saga.is.pdf
- Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi*. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson. (1981). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757* (B. 2). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- Íslendingabók og Landnáma*. (1942). Reykjavík: Herbertsprent.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Kristján Benediktsson, Stefán Jónsson, Þorsteinn Guðmundsson, Gísli Björnsson, Sigurður Björnsson & Bjarni Bjarnason. (1971). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.
- Magnús Stefánsson. (2000). *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i meddelalderen* (B. I). Bergen: Universitetet i Bergen, Historisk institutt.
- Míla. (2025). Freysnes - Fagurhólsmýri - Nýlögn á ljósleiðara. Reykjavík: Míla.
- Ný jarðabók fyrir Ísland*. (1861). Kaupmannahöfn: J. H. Schultz.
- Óbyggðanefnd. (2003). *Úrskurður Óbyggðanefndar. Mál nr. 1/2001. Öræfi í sveitarfélaginu Hornafirði*. Reykjavík: Óbyggðanefnd.
- Örnefnaskrá - Sandfell. (n.d.). Örnefnastofnun.
- Vala Garðarsdóttir, Sigríður G. Björgvinsdóttir. (2017). *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Malarási í Öræfum, Sveitarfélaginu Hornafirði*. Höfn í Hornafirði: Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

6. FORNLEIFASKRÁ

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
A-Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Sandfell	Sandfell
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	28.7.2025	607028	383146
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Beitarhús	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning  Mynd 3. Uppmæling af tóft [3473-001]	
3473-001	1550-1950		
Vegghæð	Veggjabykk		
1 – 1.7m	1.2m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Grjóthlaðið beitarhús sem er orðið grasi vaxið að hluta. Húsið er hlaðið úr þökkalega stóru grjóti og þakið er hrúnið inn í tóftina, timbur og þakhellur hylja botninn á því. Inngangur hefur verið á SV hlið hússins. Veggjahæð er frá 1 – 1.7m og veggjabreidd að jafnaði um 1.2m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 4. Horft norður yfir beitarhús [3473-001]	Við Stóralæk um 1.2km SV við Þjóðveg 1. Á flötu grasivöxnu svæði og votlendi í kring sem heitir Kúamýri.		
	Athugasemd		
	Tóftin er utan skráningarsvæðis en var tekin með ef til kemur að færa strenginn.		
	Heimildir		
Örnefnaskrá - Sandfell			


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
A-Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Sandfell	Sandfell
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	28.7.2025	606984	383078
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Beitarhús	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3473-002	1550-1950		
Veggahæð	Veggjabykkt		
0.2 – 1.5m	0.7 – 1.3m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna	Mynd 5. Uppmæling af beitarhúsi [3473-002].	
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Mikil hætta	Vegna veitulagna		
Lýsing			
Grjóthlaðið beitarhús, ekki er innangengt í tóftina því þakið er hrúnið inn í hana og liggur þar enn. Mikið timbur, torf og þakhellur eru innan í henni. Tóftin er hlaðin úr þökkalega stóru grjóti og undan þakhruninu kemur barði sem virðist vera steinsteyptur. Veggjahæð er frá 0.3 – 1.5m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.3m. Lítið hólf er hlaðið á NV horn tóftarinnar og þar er veggjahæðin frá 0.2 – 1.4m og veggjabreidd um 0.7m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Á flötu grasivöxnu svæði við Stóralæk og votlendi í kring sem heitir Kúamýri. Um 70m SV við beitarhús [3473-001].		
	Athugasemd		
	Fyrirhuguð lagnaleið liggur beint yfir tóftina.		
Heimildir			
Örnefnaskrá - Sandfell			

Mynd 6. Horft NA yfir beitarhús [3473-002].


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
A-Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Sandfell	Sandfell
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	28.7.2025	606972	383067
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Beitarhús	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3473-003	1550-1950		
Veggahæð	Veggjabykkt		
0.1 – 2m	1.3m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Mikil hætta	Vegna veitulagna		
Lýsing			
Grjóthlaðið beitarhús með inngang í suðurhorni. Virðist vera tvö rými en töluvert af grjóti og timbri í tóftinni. Það vex runni á veggnum sem skilur að rýmin. Grjóthlaðin brekka liggur upp austur vegg tóftarinnar. Veggjahæð er frá 0.1 – 2m. Veggjabreidd er að jafnaði um 1.3m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Á flötu grasivöxnu svæði við Stóralæk og votlendi í kring sem heitir Kúamýri. Um 5m SV við beitarhús [3473-002].		
	Athugasemd		
	Heimildir		
	Örnefnaskrá - Sandfell		

Mynd 8. Horft norður yfir beitarhús [3473-003]

Mynd 7. Uppmæling af beitarhúsi [3473-003]

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
A-Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Sandfell	Sandfell
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	28.7.2025	606918	383010.
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Beitarhús	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3473-004	1550-1950		
Vegghæð	Veggjabykkt		
0 – 0.2m	1m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Beitarhúsatóft sem er augljóslega eldri en hinar þrjár á svæðinu. Tóftin er töluvert sigin og nýtir stórgrýti í austurvegg. Töluvert af grjóti er innan í tóftinni og hún virðist vera grjóthlaðin. Hún er grasi- og mosavaxin. Veggjahæð er frá 0 – 0.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
	Á flötu grasivöxnu svæði við Stóralæk og votlendi í kring sem heitir Kúamýri. Um 70m SV við beitarhús [3473-003].		
	Athugasemd		
	Tóftin er utan skráningarsvæðis en var tekin með ef til kemur að færa strenginn.		
Heimildir			
Örnefnaskrá - Sandfell			

Mynd 10. Horft í N yfir beitarhús [3473-004].

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
A-Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Hofsnes	Hofsnes
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	28.7.2025	613971	377317
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Tóft	Útihús	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning 	
3473-005	1550-1950		
Veggahæð	Veggjabykk		
1 – 2m	1.4m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Horfin vegna		
Nei			
Hættumat	Hættuorsök		
Mikil hætta	Vegna veitulagna		
Lýsing			
Útihúsatóft með tveimur hólfum. Tóftin er grjóthlaðin og grasivaxin og hún nýtir tvö stór björg í vegg innra hóls. Inngangar í rýmin eru báðir á vestur hlið. Veggjahæð er 1 – 2m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.4m.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Örfáum metrum sunnan við Þjóðveg 1, við afleggjarann að Malarási 1.	
		Athugasemd	
		Fyrirhugaður strengur liggur yfir tóftina.	
		Heimildir	
		Vala Garðarsdóttir, Sigríður G. Björgvinsdóttir, 2017, bls. 4.	

Mynd 12. Horft austur yfir útihús [3473-005].

7. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru fimm minjar skráðar innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Þar af voru fjögur beitarhús og eitt útihús. Beitarhúsin fjögur voru innan lands Sandfells og útihúsið innan lands Hofsness. Þrjár minjar eru taldar í mikilli hættu vegna framkvæmdanna, þar eru minjar **[3473-002,003 & 005]**. Ljósleiðarinn mun liggja yfir minjar **[3473-002 & 005]** og er um 4m frá NA enda **[3473-003]** (Sjá betur á kortum 2 og 3 í 8. kafla).

Eina vörðu er að finna á skráningarsvæðinu, á hnitum E610389, N380911, en hún virkar nýleg og sést ekki á loftmynd frá árinu 1997 en hún sést á loftmynd frá 2013 og má þá ætla að hún hafi verið hlaðin á því tímabili. Þar sem ekki er um fornleifar að ræða var sú varða ekki höfð með í skráningunni.



Mynd 13. T.v. varðan er innan rauða hringsins á loftmynd frá 2021. T.h. Varðan er ekki sjáanleg á loftmynd frá 1997.

Eins er vert að benda á að samkvæmt lögum um menningarminjar ef áður óþekktar minjar finnast við framkvæmdir skal stöðva þær strax og hafa samband við Minjastofnun Íslands sem mun taka ákvörðun um framhaldið.

8. KORT




-  Skráningarsvæði
-  Staðsetning fornminja
-  Fornminjar - flákar



Yfirlitskort af skráðum minjum innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis

Kort 1 Skali 1:80000

Náttúrustofa Vestfjarða - Atli Rúnarsson



- Skráningarsvæði
- Staðsetning fornminja
- Fornminjar - flákar

0 25 50 m

Yfirlitskort af skráðum minjum í landi Sandfells. Bláa línan er fyrirhuguð lega ljósleiðarans.


Kort 2 Skali 1:1000

Náttúrustofa Vestfjarða - Atli Rúnarsson



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

- Skráningarsvæði
- Staðsetning fornminja
- Fornminjar - flákar



Yfirlitskort af skráðum minjum í landi Hofsness. Bláa línan er fyrirhuguð lega ljósleiðarans.

Kort 3 Skali 1:500

Náttúrustofa Vestfjarða - Atli Rúnarsson